

Ár 2014, fimmtudaginn 4. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir í forföllum Eypórs H. Ólafssonar og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 18. nóvember 2014.**

Í bréfinu er hvatt til að gera áhættumat fyrir Vatnsveitu Hveragerðis sem fyrst með það að markmiði að meta áhrif flóða í kjölfar eldgoss í Bárðarbungu.

Lagt fram til kynningar en nýtt áhættumat fyrir vatnsveitu Hveragerðis er á dagskrá fundarins.

1.2. **Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 26. nóvember 2014.**

Í bréfinu eru umsagnir um gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun og breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald og hundahald í Hveragerði. Ekki eru gerðar athugasemdir við gjaldskrárnar.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Áslaugu Björnsdóttur frá 26. nóvember 2014.**

Í bréfinu er bent á að aðstöðu fyrir hjólreiðafólk og ökutæki við strætóstoppistöð í Hveragerði mætti bæta.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið bréfitara og telur að bæta megi aðstöðu við stoppistöð Strætó og felur umhverfisnefnd að koma með tillögur til úrbóta.

1.4. **Nefndarviði Alþingis frá 12. nóvember 2014.**

Umhverfis – og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 29. mál. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á 135. þingi (146. mál) og 141. þingi (512. mál) en hlaut ekki afgreiðslu.

Umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar er eftirfarandi:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar varar eindregið við því að felld verði niður ákvæði um lágmarksútsvar sem finna má í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar vill vekja athygli á því að möguleikar sveitarfélaga til tekjuöflunar eru afar mismunandi. Staðsetning

virkjana, stofnana eða stórra iðnfyrirtækja getur til dæmis haft veruleg áhrif á skatttekjur viðkomandi sveitarfélaga. Í fámennum sveitarfélögum getur staðsetning slíkra stofnana með tilheyrandi fasteignaskattstekjum vegið mjög þungt þegar litið er til skatttekna á hvern íbúa. Með afnámi lágmarksútsvars gætu einhver sveitarfélög þar sem þannig háttar til jafnvel hætt að innheimta útsvar af sínum íbúum. Þá gætu myndast skattaparadísir sem byggjast í staðinn á fasteignaskattstekjum.

Afnám lágmarksútsvars getur þannig haft afar óheppileg áhrif á samspil búsetu og skattgreiðslna og á samvinnu sveitarfélaga að ýmsum hagsmunamálum. Auk þess sem hvati til sameiningar þessara sveitarfélaga við önnur stærri væri þá lítil sem enginn.

Í dag eru það eingöngu tvö fámenn sveitarfélög sem leggja á lágmarksútsvar, Skorradalshreppur (58 íbúar) og Ásahreppur (193 íbúar). Sveitarfélög á Íslandi hafa næga möguleika til veita íbúum sínum skattalegt hagræði innan þess ramma sem núverandi löggjöf býður uppá. Með samþykkt tillögunnar um afnám lágmarksútsvars væri því eingöngu verið að opna fyrir þann möguleika að fámenn sveitarfélög sem njóta gríðarlegra tekna af virkjunum og stórfyrirtækjum gætu lækkað útsvarið umtalsvert eða jafnvel fellt það alveg niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar vill benda á að ef tillagan um afnám lágmarksútsvars verður samþykkt er óhjákvæmilegt að strax í kjölfarið verði tekin upp umræða um réttlátari skiptingu fasteignaskatts af virkjunum, stórfyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkisins sem ætti þá skilyrðislaust að renna í Jöfnunarsjóð til útdeilingar til allra sveitarfélaga á landinu.

1.5. Norræna félaginu í Hveragerði frá 20. nóvember 2014.

Í bréfinu er kynnt samstarfsverkefni Norræna félagsins í Hveragerði, Listvinafélagsins í Hveragerði og Hljóðsmiðjunnar um útgáfu geisladisks og tónleikahalds með lögum og textum úr Hveragerði.

Bæjarráð vísar erindinu til menningar-, íþróttá- og frístundanevndar.

1.6. Norræna félaginu í Hveragerði frá 20. nóvember 2014.

Í bréfinu er kynnt að sambandsþing Norræna félagsins verður haldið í Hveragerði og Þorlákshöfn í nóvember 2015. Óskað er eftir aðkomu Hveragerðisbæjar að þinginu.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í móttöku fyrir gesti sambandsþingsins enda muni Sveitarfélagið Ölfus gera slíkt hið sama. Bæjarstjóra er falið að sjá um skipulagningu í samráði við formann Norræna félagsins í Hveragerði og bæjarstjórnann í Ölfusi.

1.7. Söngsveit Hveragerðis frá 19. nóvember 2014.

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna fyrirhugaðra menningar- og söngferðar sveitarinnar til Ítalíu næsta sumar.

Hveragerðisbær hefur hingað til ekki styrkt utanlandsferðir íþrótt-
eða menningarhópa og því sér bæjarráð sér ekki fært að verða við
erindinu.

1.8. **Landsambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 1.
desember 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk til landsambandsins vegna Eldvarnar-
átaksins 2014.

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 25.000,-.

1.9. **Pacta lögmannsstofu frá 28. nóvember 2014.**

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd Diðriks Sæmundssonar á
Friðarstöðum er óskað eftir að Hveragerðisbær greiði
lögmanskostnað sem Diðrik varð fyrir vegna kröfu
Hveragerðisbæjar um að ástandi jarðarinnar Friðarstaða verði komið
í viðunandi horf.

Bæjarráð lýsir yfir furðu sinni á ósk bréfitara sérstaklega þar sem
ekkert hefur verið gert til að bæta úr því sem ábótavant var á
jörðinni. Því er fyrirsjáanlegt að hefja þarf málarekstur nú þegar til
að knýja á um úrbætur. Bæjarráð óskar eftir að álit lögmanns
bæjarins á umræddri kröfu verði lagt fyrir næsta fund bæjarráðs.

1.10. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 2. desember 2014**

Bréfið er svar við bréfi frá Vinnumálastofnun vegna viðtalsaðstöðu
fyrir rágjafa Vinnumálastofnunar.

Lagt fram til kynningar.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá umhverfisfulltrúa frá 28. nóvember 2014 v/
gámasvæðis.**

Í minnisblaðinu er rætt um fyrirkomulag sorpmóttöku á gámasvæði
og lagt til að í stað klippikorts verði tekið upp miðakerfi þannig að
hægt verði að búa til gagnagrunn um nýtingu á gámasvæðinu.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar eins og þær koma fram í minnisblaði
umhverfisfulltrúa.

2.2. **Áhættugreining fyrir Vatnsveitu Hveragerðis.**

Lögð fram áhættugreining fyrir Vatnsveitu Hveragerðis sem notuð
er til að finna áhættuþætti og greina afleiðingar óhappa.

Bæjarráð samþykkir áhættugreininguna.

3. **Verkfundagerðir:**

3.1. **Hveragerði- gatnagerð 2014 frá 24. nóvember 2014.**

Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. nóvember 2014.
- 4.2. Fagráði Tónlistarskóla Árnesinga frá 26. nóvember 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:37

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)